

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki stefnu í málefnum dagforeldra á grundvelli skýrslu dags. maí 2018 (SFS2018010109) og sú stefna taki gildi eigi síðar en 1. júlí 2023. Í þessu felst m.a. að borgin útvegi leiguhúsnæði svo að dagforeldrar eigi auðveldara með að starfa tveir saman, niðurgreiðslur til dagforeldra hækki verulega, aðstöðu- og stofnstyrkir verði hækkaðir og aukinn verður faglegur stuðningur við dagforeldra.

Greinargerð:

Vorið 2018 kom út skýrslu á vegum Reykjavíkurborgar þar sem lagðar voru fram tillögur til að bæta hlut þeirra sem starfa innan dagforeldrakerfisins í höfuðborginni. Pólítískan vilja skorti hins vegar til að hrinda þeim umbótum í framkvæmd. Svo þegar krísan í leikskólamálum borgarinnar varð áberandi sl. ágúst hristi núverandi meirihluti borgarstjórnar fram úr ermi sinni tillögur til að styrkja dagforeldrakerfið, sbr. t.d. minnisblað skóla- og frístundasviðs, dags. 30. september sl. (minnisblaðið fylgir með tillögunni). Tillögurnar sem fram komu í minnisblaðinu voru um sumt til bóta en byggja ekki á heildstæðri stefnumótun um framtíð dagforeldrakerfisins líkt og áður nefnd skýrsla frá vorinu 2018. Það er talið nauðsynlegt að skóla- og frístundaráð taki af skarið og móti langtímastefnu í málefnum dagforeldrakerfisins í Reykjavík. Af þessum ástæðum er tillagan lögð fram.